

## Almennar upplýsingar:

Nafn ASK Arkitektar ehf.  
Erindi nr. P-2020-06-10-0023  
Kennitala 4202992069  
Heimilisfang GEIRSGÖTU 9  
Póstnúmer 101  
Símanúmer 8560304  
Netfang pall@ask.is  
Nafn forsvarsmanns (ef um fjöleignarhús er að ræða) -  
Netfang tengiliðs -

Greiðanda kenitala 5106150690  
Greiðanda nafn Fasteignafélagið Eyjólfur ehf.  
Greiðanda netfang palmar@pkdm.is

## Framkvæmdasvæði

Heimilisfang/lóðarheiti Sæmundargata 15-19

Umsækjandi er Í umboði eiganda

Umsækjandi Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag

Erindið fjallar um Breytingu á deiliskipulagi

Stutt lýsing á erindi Breyta deiliskipulagi vegna ramps í bílageymslu á lóðinni Sæmundargötu 15-19

Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn 2 þar sem við á

Uppdrættir

Lýsandi nafn 05141-200610-Skipulagsuppdrottur-05-01.pdf skjals

Lýsandi nafn Alvotech-STAeKKUN-A-VINNSLU1-10.06.20.pdf skjals

Bréf til umsækjanda/hönnuðar

Lýsandi nafn 05141-200610-Bref-umsækjanda.pdf skjals

-  
-

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar

**Umsókn um breytingu á gildandi deiliskipulagi Vísindagarða**

**Reitur: A**

**Lóð: Sæmundargata 15-19**

Björn Axelsson skipulagsfulltrúi

Reykjavík 10.6.2020

**Erindi:**

**Óskað er eftir breytingu á Deiliskipulagi Vísindagarða Háskóla Íslands.**

Óskað er eftir að rampi í bílajakjallara verði heimilaður frá Ingunnargötu, suðaustan megin á lóð Sæmundargötu 19 (15-19) utan við byggingareit til suðvesturs, í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt.

Rampi þessi var krafa í eldra deiliskipulagi en krafan var felld niður með síðustu breytingu á deiliskipulaginu 14.12.2018.

Krafa um fjölda bílastæða fyrir starfsemi á lóðinni Sæmundargata 15-19 var, á sama tíma, breytt í 1 stæði á 150 m<sup>2</sup> bygginga.

Alvotech hyggur á stækkun húsnæðis síns við Sæmundargötu og er gert ráð fyrir bílastæðum í kjallara viðbyggingarinnar til að uuppfylla kröfuna um 1 stæði á hverja 150 m<sup>2</sup>.

Kjallarinn er hugsaður fyrir raf-bíla eingöngu í samræmi við samgöngustefnu fyrirtækisins.

Þetta verður nánast tvöföldun á húsakynnum fyrirtækisins frá því sem er í dag með tilheyrandi fjölgun nýrra starfa.


F.h. Alvotech

pálmar kristmundsson


# DEILISKIPULAGSBREYTING - HÁSKÓLI ÍSLANDS, VÍSINDAGARÐAR



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030



GILDANDI DEILISKIPULAG MKV. 1:2000 Samþykkt í borgarráði 14. mars 2019



TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI

MKV. 1:2000

## Gildandi deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag samþykkt í borgarráði 14. mars 2019 og birt í B-deild stjórnartíðinda 10 apríl 2019. Það er breyting frá deiliskipulagi frá 2018. Breytingin tók til allra lóða á skipulagssvæðinu og fjallaði ma. um breytingu á kröfum um fjölda bílastæða á Sæmundargötu 15-17, 19 og 21 og samnýtingu á bílageymslum á öllu svæðinu. Vegna eðli starfsemi að Sæmundargötu 15-19 (skrifstofur og iðnaður) var bílastæðakrafa færð niður í 1 stæði á 150 m<sup>2</sup> og íbúða fyrir stúdenta að Sæmundargötu 21 var krafa um bílastæði þar 0,2 stæði á íbúð. Jafnframt var heimilað að byggja allt að 85 bílastæði til útleigu í bílakjallara Sæmundargötu 21.

Felld var niður krafa um um ramp í bílakjallara suðaustan megin á Sæmundargötu 19. Byggingarreitur þakhæðar Sæmundargötu 6 (lóð C) var færð nær Sturlugötu. Í nýrri skilmálatöflu var felldur niður dálkur um heildarfjölda bílastæða á lóðum auk þess sem dálur með C-rýmum féll niður. Uppdráttur breyttist lítilsháttar þar sem þá þegar byggð hús og götunöfn voru færð inn.

Að öðru leyti giltu eldri skilmálar.

## Breytt deiliskipulag

Reitur: A

Lóð: Sæmundargata 15-19

Breytt deiliskipulag tekur til lóðarinnar Sæmundargata 15-19, reitur A, á skipulagssvæðinu og fjallar um breytingu á kröfu um ramp í bílakjallara á lóðinni.

Sett er inn heimild um ramp í bílakjallara frá Ingunnargötu, suðaustan megin á lóð Sæmundargötu 19 (15-19) utan við byggingareit til suðvesturs, í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt. Rampi þessi var krafa í eldra deiliskipulagi, en krafan var felld niður með síðustu breytingu á deiliskipulaginu 14.3.2019.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Breytingar:

2. október 2020. Breytt eftir grenndarkynningu: Rampur málsettur.

SKÝRINGAR	
Mörk breytinga	---
Mörk heildardeiliskipulagssvæðis	---
Byggingarreitur	---
Byggingarreitur inndreginnar þakhæðar	---
Byggingarreitur kjallara/bílakjallara	---
Ný lóðarmörk	---
Götukóti	G = 6,0 leiðbeinandi
Gólf jarðhæðar	GK = 5,7 leiðbeinandi
Leiðbeinandi staðsetning bílastæða	P
Sérstök reiðhjólástæði	HP
Fjöldi hæða	H: 2-7
Auðkenni reita	A-M
Byggingarreitur bílarampa (leiðbeinandi)	---

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

Í/á \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var grenndarkynnt frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með

athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

## PK ARKITEKTAR

BRAUTARHOLT 4 105 REYKJAVÍK

SÍMI 5518050 / 8997097

www.pk.is

VERKEFNI

Háskóli Íslands, Vísindagarðar, Reykjavík

TEGUND TEIKNINGAR

DEILISKIPULAG

MKV. A3  
1:2000/A3

HEITI TEIKNINGAR

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

HANNAÐ  
PKA  
TEIKNAD  
PKA  
YFIRFARID  
PK  
DAGS.  
10.06.2020

VERK NR.  
2012


TEIKNINGA NR.  
06-01

ÚTGÁFA



## ALVOTECH STÆKKAR

- vísindagarðar eflast
- vatnsmýrin blómstrar





# STÆKKUNARÁFORM

- Stækkun Alvotech í Vatnsmýrinni
- Reitur A, í deiliskipulaginu, verður fullbyggður og gat sem nú er í götummynd Sæmundargötu, lokast.
- Stækkunin gæti numið allt að 9.500 m<sup>2</sup> ofanjarðar auk 3.000 m<sup>2</sup> kjallara fyrir tæknirými og bílastæði.
- Byggingin er 3 hæðir og inndregin þakhæð, auk kjallara með aðkomurampi frá Ingunnargötu.
- Atvinnulíf eflist og ný störf skapast




## SÆMUNDARGATA 15-19 FULLBYGGÐ





## VIÐBYGGINGIN SÉÐ ÚR SUÐ-VESTRI Sæmundargata



## VIÐBYGGINGIN SÉÐ ÚR SUÐ-VESTRI






## VIÐBYGGINGIN SÉÐ ÚR SUÐ-AUSTRI Ingunnargata






## VIÐBYGGINGIN SÉÐ ÚR SUÐ-AUSTRI




# GRUNNMYND 2. HÆÐAR

í vinnslu




# JARÐHÆÐ

í vinnslu




# KJALLARI

*í vinnslu*



# SKURÐMYND, STÆKKUN OG NÚVERANDI BYGGING


Í vinnslu





# GILDANDI DEILISKIPULAG

## DEILISKIPULAGBREYTING - HÁSKÓLI ÍSLANDS, VÍSINDAGARÐAR




Gildandi deiliskipulag mkv. 1:2000 - Samþykkt í borgarráði 10. nóvember 2016

Gildandi deiliskipulag - úrdráttur úr greinargerð  
 Í gildi er deiliskipulag samþykkt í borgarráði 10. nóvember 2016 og birt í B-deild stjórnartíðinda 2. desember 2016. Það er breyting frá deiliskipulagi frá 2011. Ástæða breytingarinnar var að á svæðinu var hafin uppbygging og nokkrir reitir fullbyggðir. Stór fyrirtæki höfðu áhuga á að koma sér fyrir á svæðinu og fylgdu því m.a. lóðsámeiningar, auk þess sem skipulagssvæðið var stækkað. Gert var ráð fyrir auknum fjölda íbúða á svæðinu, en Félagsstofnun stúdenta (Fa) fékk til ráðstöfunar lóð G (Sæmundargata 21) til byggingar íbúða fyrir stúdenta. Í upphaflegu deiliskipulagi frá 2011 voru ákveðið um bílastæði með því lóð að ekki þurfti að leysa bílastæði innan lóðar, heldur vísað í stóra sameiginlega bílagæmslu sem byggð yrði á suðurlínu lóðar (í kjölturum lóða G, H og J) og bílastæðabókhald skoðað heildstætt í lok uppbyggingar svæðisins. Samkvæmt þeim ákveðnum hófst uppbygging á Sæmundargötu 15-17 (lóð A). Í gildandi deiliskipulagi frá 2016 var þessi sameiginlega bílagæmsla felld út úr deiliskipulaginu og settir skilmálar sem segja að allar lóðir skuli uppfylla kröfur um bílastæði innan lóða, á landi eða í bílakjallara. Enn fremur var opnað á að bílakjallara á sér lóðum megi samnyttja á milli lóða í samræmi við ákveðið þáglíðandi deiliskipulags til að auka notkun þeirra og hægðvæmni

### Gildandi deiliskipulag - skilmálatáfla

REITUR	MEGIN NOTKUN	LÓÐ m <sup>2</sup>	m <sup>2</sup> bygginga (ótorgar) / Nýjngamultal (ótorgar)	Kjallari m <sup>2</sup>	B-rymi m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup> heild A+B	Nýjngamultal A+B	C-rymi m <sup>3</sup>	Bílastæði	Flóði	Í m <sup>2</sup> stæði
A	Fyrirtæki	10.429	19.800	1,9	8.300	7.920	38.020	3,5	2.900	330	60
B	Fyrirtæki	5.814	8.500	1,5	4.800	3.400	16.700	2,9	1.200	142	80
C	Fyrirtæki	9.990	17.500	1,8	9.500	7.000	34.000	3,4	2.300	292	60
E	Háskóli Íslands	5.670	7.200	1,3	4.780	2.880	14.860	2,6	1.000	120	60
E2	Sþernistöð OR	-20	20	1,0	-	10	30	1,0	0	0	0
G	Fyrirtæki/stúdentabí	5.671	10.125	1,8	4.995	4.050	19.170	3,4	1.400	40+17	60
H	Fyrirtæki	6.200	9.100	1,5	5.040	3.640	17.780	2,9	1.200	152	60
J	Fyrirtæki	5.930	7.700	1,3	4.225	4.800	16.525	2,8	1.100	126	60
M	Fyrirtæki	19.271	11.500	0,6	1.495	12.995	0,7	1.900	192	60	60
L	Fyrirtæki	6.322	8.575	1,4	4.750	1.115	14.440	2,3	1.200	143	60
<b>Samtals/meðaltali</b>		<b>74.364</b>	<b>100.620</b>	<b>1,38</b>	<b>48.390</b>	<b>36.110</b>	<b>162.520</b>	<b>2,8</b>	<b>13.505</b>	<b>1688</b>	<b>60</b>



Tilaga að breyttu deiliskipulagi mkv. 1:2000

### Breytt deiliskipulag

Breytt deiliskipulag tekur til allra lóða á skipulagssvæðinu og fjallar m.a. um breytingu á kröfum um fjölda bílastæða á Sæmundargötu 15-17, 19 og 21 og samnyttningu á bílagæmslu á öllu svæðinu. Vegna eðlis starfsemi á Sæmundargötu 15-19 (skrifstofur og lóðnaður) er bílastæðakrafra færð niður í 1 stæði á 150 m<sup>2</sup> og íbúða fyrir stúdenta að Sæmundargötu 21 er krafu um bílastæði þar 0,2 stæði á íbúð. Jafnframt er heimilt að byggja allt að 85 bílastæði til útleigu í bílakjallara Sæmundargötu 21. Vísao er í kalla um samgöngulestu í greinargerðu skipulags. Felld er niður krafu um ramp í bílakjallara á Sæmundargötu 19. Byggingarreitir þakkaðar Sturlugötu 6 (lóð C) er færð nær Sturlugötu. Í nýrri skilmálatáfla er felldur niður dákur um heildarfjölda bílastæða í lóðum auk þess sem dákur með C-rymum falla inn. Uppdráttur breyttist litliháttar þar sem nú þegar byggð hús og götuöfn eru færð inn.

### Breytingar eru í meginatriðum eftirfarandi:


- Felldur er niður ramp í bílagæmslu suðaustan megin á lóð Sæmundargötu 19.
- Heimilt er sameiginlegt bílastæðabókhald fyrir allar lóðir á skipulagssvæðinu.
- Krafu um fjölda bílastæða fyrir starfsemi á lóðinni Sæmundargata 15-19 er breytt í 1 stæði á 150 m<sup>2</sup> bygginga.
- Krafu um fjölda bílastæða fyrir Sæmundargötu 21 er breytt í 0,2 stæði á íbúð/klasaeiningu. Jafnframt heimilt að byggja allt að 85 stæði í bílagæmslu til útleigu.
- Byggingarreit þakkaðar Sturlugötu 6 breytt litliháttar.
- Skilmálatáfla breytt.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

### Breytt deiliskipulag - skilmálatáfla

REITUR	MEGIN NOTKUN	LÓÐ m <sup>2</sup>	m <sup>2</sup> bygginga (ótorgar) / Nýjngamultal (ótorgar)	Kjallari m <sup>2</sup>	B-rymi m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup> heild A+B	Nýjngamultal A+B	C-rymi m <sup>3</sup>	Bílastæði	Flóði	Í m <sup>2</sup> stæði
A	Fyrirtæki	10.429	19.800	1,9	8.300	7.920	38.020	3,5	2.900	330	60
B	Fyrirtæki	5.814	8.500	1,5	4.800	3.400	16.700	2,9	1.200	142	80
C	Fyrirtæki	9.990	17.500	1,8	9.500	7.000	34.000	3,4	2.300	292	60
E	Háskóli Íslands	5.670	7.200	1,3	4.780	2.880	14.860	2,6	1.000	120	60
E2	Sþernistöð OR	-20	20	1,0	-	10	30	1,0	0	0	0
G	Fyrirtæki/stúdentabí	5.671	10.125	1,8	4.995	4.050	19.170	3,4	1.400	40+17	60
H	Fyrirtæki	6.200	9.100	1,5	5.040	3.640	17.780	2,9	1.200	152	60
J	Fyrirtæki	5.930	7.700	1,3	4.225	4.800	16.525	2,8	1.100	126	60
M	Fyrirtæki	19.271	11.500	0,6	1.495	12.995	0,7	1.900	192	60	60
L	Fyrirtæki	6.322	8.575	1,4	4.750	1.115	14.440	2,3	1.200	143	60
<b>Samtals/meðaltali</b>		<b>74.364</b>	<b>100.620</b>	<b>1,38</b>	<b>48.390</b>	<b>36.110</b>	<b>162.520</b>	<b>2,8</b>	<b>13.505</b>	<b>1688</b>	<b>60</b>

<sup>1</sup> Heimilt er að samnyttja bílastæði á milli lóða með samþykkingu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

- SKÝRINGAR
- Mörk brytlinga
  - Mörk heildarskipulagssvæðis
  - Byggingarreitir
  - Byggingarreitir inndreginnar þakkaðar
  - Byggingarreitir kjallara/bílakjallara
  - Ný lóðarmörk
  - Götuköti
  - Göf jarðhæðar
  - Léðbeinandi stöðbeining bílastæða
  - Sérstök neðriþástæði
  - Fjöldi hæða
  - Auðkenni rella
  - Byggingarreitir bílarampa (léðbeinandi)
- - 
  - 
  - 
  - 
  - 
  - G = 6,0 léðbeinandi
  - GK = 5,7 léðbeinandi
  - P
  - HP
  - H: 2-7
  - A-M
  -

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákveðið 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í *Borgarráði* þann *14. mars 2019* og á emb. off. f. skipulagsfél. þann *17. maí 2019*

Tilagan var auglýst frá *27. mars 2019* með athugasemdafrest til *8. maí 2019*

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann *20*



ASK ARKITEKTAR GUÐ  
 GERÐARBÚÐUR 101 REYKJAVÍK  
 SMÍ 515 000 FAX 515 019  
 www.ask.is



VERKFRÍ  
 Háskóli Íslands, Vísindagarðar, Reykjavík

TEKINGUFRÉTTIR	MRJ / ASK
Deiliskipulag	1:2000/A2
HEITI TEKINGAR	ASK
DEILISKIPULAGSUPPDRAUTT	ASK
	PH/PG
DATE	14.12.2018
DRÖG	
VERK NÚM	05141
SKYRSLU NÚM	05-01





## USK Skipulag

---

**Frá:** Magnús Orri Einarsson <magnus@fs.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 24. júní 2020 15:38  
**Til:** Hildur Gunnarsdóttir; USK Skipulag  
**Afrit:** Hrólfur Jónsson  
**Efni:** RE: Deiliskipulagsbreytingartillaga  
**Viðhengi:** V297 Stúdentagarðar B3 yfi Br D 200114 - stimplað lota.pdf; V297 Stúdentagarðar B4 yfi Br E 200114 - stimplað lota.pdf; uppdráttur.pdf

**Eftirfylgniflagg:** Fylgja eftir  
**Flaggstaða:** Flaggð

Sæl Hildur,

Eins og rætt var um sendi ég helstu punkta með athugasemdum vegna fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi Alvogen/Alvotech við Sæmundargötu 15-19.

Félagsstofnun Stúdenta / Stúdentagarðar geta ómögulega felld sig við að rampur vegna bílakjallara verði færður út fyrir húsið eins og lagt er upp með megin forsendur eru eftirfarandi:

- Ekki í samræmi við núverandi hús Alvogen né hús FS við Sæmundargötu 21 þar sem núna er rampurinn komin út fyrir húsið, þetta var ómöguleg ráðstöfun að mati skipulags borgarinnar þegar FS óskaði eftir sambærilegu á sínum tíma og vandséð hvaða forsendur hafi breyst.
- Gólfkódi á deiliskipulagsdrögum (5,8m) er rangur hvað varðar Sæmundargötu 21, kóðinn er 6,3m. Þekki ekki alveg hvernig sú breyting hefur átt sér stað en þegar ég kom til FS var búið að taka þessa ákvörðun, um GK 6,3m, og rann þetta atriði í gegnum skipulagið/byggingarfulltrúa vandræðalaust. Þarna þyrfti að taka strax tillit til hæðaraðlögunar á landi þar sem um 0,6m hæðarmunur er milli húsanna á mjög þröngu svæði og er það líklega mjög erfitt vegna aðliggjandi þjónustuvegs. Mjög mikilvægt væri að sýna á sniðmyndum afstöðu húsanna, þjónustuvegs, ramps, o.fl. til að fá gleggri mynd af því sem lagt er til og í leiðinni hvernig þetta komi **ekki** til með að takmarka/ónýta það sem búið er að skipuleggja samþykkja og framkvæma á lóðinni við Sæmundargötu 21 á umræddu svæði.
- Samkvæmt samþykktum aðaltekningum af Sæmundargötu 21 eru bílastæði fyrir fatlaða og djúpgámar fyrir húsið við þjónustuvegin, öruggt er að þetta hvorutveggja verði ónothæft á byggingartíma og til framtíðar mun mjög þrengjast um þjónustuvegin og þ.a.l. aðkomu sorpbíla að djúpgámum og að stæðum fatlaða við það að fara með rampin þétt upp að þjónustuveginum. Mjög líklega mun þetta ónýta bílastæði fatlaða sem tilheyra Sæmundargötu 21. Er FS ekki tilbúið til að fallast á slíkt. Af öllu þessu mun hljótast kostnaður og óþægindi sem FS sættir sig ekki við að falli í stúdentagarða á nokkurn hátt.
- Ef þetta hefði verið fyrir séð á sínum tíma hefði verið hugsanlegt að haga lóðarhönnun við Sæmundargötu 21 með öðrum hætti t.d. m.t.t. bílastæða fatlaða og djúpgáma og vandséð hvernig hægt sé að leysa þetta svo vel fari úr þessu. Það er a.m.k. eitthvað sem Alvogen þarf að sýna framá áður en hægt verður að samþykkja eitthvað í þessa veruna og kosta að öllu leiti ef til þessa kemur að lokum.
- Líklegt er að rampur/veggur alveg við þjónustuveg muni útheimta aukinn mjög aukin snjómokstur / vetrarþjónustu þar sem snjór safnast yfirleit fyrir á þröngum svæðum við t.d. veggi og þar sem þarna eru bílastæði fatlaða er það ávísun á erfiðleika m.a. vegna þrengsla. Hver ber þann auka kostnað ??
- Fyrri skipulag, með rampi innan hús eða tengingu við Sæmundargötu 21, og byggingarreit þar sem hann var/er skilgreindur þýddi að sæmilega rúmt var um þjónustuveg og plássíð milli þessara stóru húsa. Það að þrengja það svona er með stoðvegg við rampinn upp á 1,2m yfir aðliggjandi landi, alveg við þjónustuveg sem ekki er skilgreindur rúmt til að byrja með rýrir mjög gæði svæðisins milli húsanna og er líklegt að þetta valdi

mjög auknum hávaða / truflun fyrir íbúa í Sæmundargötu 21 sem snúa að Alvöen m.a. vegna umferðarhávaða / druna frá rampinum þegar bílar keyra upp/niður.

Þetta eru aðeins fyrstu hugrenningar vegna þessa máls og áskilur FS sér allan rétt að tiltaka fleiri atriði, rökstyðja þessi atriði nánar, og ítreka þær í formlegu athugasemdaferli vegna fyrirhugaðar deiliskipulagsbreytingar. Vonandi ber mönnum gæfu til að endurhugsa þetta mál og koma með betri lausnir fyrir alla.

Kveðja,  
Magnús Orri

---

Magnús Orri Einarsson  
Tæknistjóri - Nýframkvæmdir & viðhald  
Stúdentagarðar  
Háskólatorg, Sæmundargötu 4  
102 Reykjavík  
570 0810  
[magnus@fs.is](mailto:magnus@fs.is)



---

**From:** Hildur Gunnarsdóttir <Hildur.Gunnarsdottir@reykjavik.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 23. júní 2020 09:21  
**To:** Magnús Orri Einarsson <magnus@fs.is>  
**Subject:** Deiliskipulagsbreytingartillaga

Sæll.

Sendi þér skv. samtali.

---

Með kveðju,

Hildur Gunnarsdóttir arkitekt MAA FAÍ  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur  
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík,  
Sími/Tel: (+354) 411 1111

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

ÞAÐ ER AUÐVELT AÐ TAKA STRÆTÓ AÐ HÖFÐATORGI. Leiðir 4, 12 og 16 stoppa beint fyrir utan - og 5 mínútna gangur á Hlemm!

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.


---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.




# DEILISKIPULAGSBREYTING - HÁSKÓLI ÍSLANDS, VÍSINDAGARÐAR



Gildandi deiliskipulag mkv. 1:2000 - Birt í B-deild Stjórnartíðinda 19.06.2019.

## Deiliskipulag í gildi

Upphaflegt deiliskipulag Vísindagarða var birt í B-deild Stjórnartíðinda 28.07.2011. Þann 2.12.2016 birtist í B-deild Stjórnartíðinda breyting þar sem skipulagssvæðið var stækkað, lóðir sameinaðar o.fl. Breytt deiliskipulag vegna bílastæða o.fl. var birt í B-deild stjórnartíðinda 19.06.2019.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi mkv. 1:2000


## Breytt deiliskipulag

Breytt deiliskipulag tekur til lóðarinnar Sæmundargata 15-21 (lóð A).

### Breytingar eru eftirfarandi:

- Sunnan við hús er komið fyrir bílarampa niður í bílakjallara. Í bílakjallara undir nýbyggingu er gert ráð fyrir 73 bílastæðum sem eingöngu eru hugsuð fyrir rafbíla. Samtals er fjöldi bílastæða í bílageymslu neðanjarðar 100 talsins.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR	
Mörk breytinga	---
Mörk heildardeiliskipulagssvæðis	---
Byggingarreitur	---
Byggingarreitur inndreginnar þakhæðar	---
Byggingarreitur kjallara/bílakjallara	---
Ný lóðarmörk	---
Götukóti	G = 6,0 leiðbeinandi
Gólf jarðhæðar	GK = 5,7 leiðbeinandi
Leiðbeinandi staðsetning bílastæða	P
Sérstök reiðhjólstæði	HP
Fjöldi hæða	H: 2-7
Auðkenni reita	A-M
Byggingarreitur bílarampa (leiðbeinandi)	---
Byggingarreitur útsvæða	---

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var grenndarkynt frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

ASK ARKITEKTAR EHF  
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK  
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319  
www.ask.is



VERKEFNI  
Háskóli Íslands, Vísindagarðar, Reykjavík

TEGUND TEKNINGAR  
Deiliskipulag  
HEITI TEKNINGAR  
DEILISKIPULAGSUPDRÁTTUR

MKV. I A2  
1:2000/A2  
HANNAD  
ASK  
TEKNIÐ  
ASK  
YFRF.  
PG  
DAGS.  
10.6.2020  
ÚTGÁFA

VERK NR.  
05141


AUÐKENNI - NÚMÉR TEKNINGAR  
05-01







# Sæmundargata



ÚTGÁFUFERILL				
NR.	DAGS.	SKÝRINGAR	TEIKNAD AF	ÚTGEFID AF
A	30.01.18	Útgönguleið teiknuð á norður- og suðurhlöð. Skr. tölfunúmer uppfærð.	IB	SK/SB
B	05.02.18	Bílastæðum fækkað.	IB	SK/SB
C	01.10.19	Lóð í kringum hús breytt	KB	KB/LKÓ
D	21.10.19	Bílastæðum fækkað	KB	KB/SB
E	14.01.20	Bílastæði másett	KB	KB/SB

Öll mál í millimetrum, staðfærast áður en framkvæmdir hefjast. Mælið ekki af teikningum. Misræmi í teikningum og önnur vafaatriði tilkynnist samræmingarhönnuðum strax. Lesa skal teikningar með viðeigandi verklýsingum.

LYKILMYND

**YRKI ARKITEKTAR**  
 Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík Sími: +354 552 6629  
 Fax: +354 552 6649 Netfang: yrki@yrki.is  
 Kt: 560997-3109  
 Ásdís H. Ágústsdóttir Arkitekt FAÍ  
 Sólvieg Berg Arkitekt FAÍ

UNDIRRITUN HÖNNUNARSTJÓRA

VERKKAUPI:  
**Félagsstofnun stúdenta**

VERK  
**Stúdentagarðar Sæmundargötu 21**  
 Aðaluppdráttur

Lóðauppdráttur			
DAGSETN.	MKV.	TEIKNAD AF:	ÚTGEFID AF:
22.12.17	1 : 200	SB	SB/SK
VERKNÚMÉR	TEIKNINGANÚMÉR	ÚTGÁFA	
V297	B4	E	

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RETT Á TEIKNINGUM - FJÓLFOLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Kvöð um göngu/hjóna/þjónustuleið

Eggerthsgata

# Ingunnargata



Reykjavík, 14 júlí 2020

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

### **Efni: athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi Sæmundargötu 15-19**

Félagsstofnun stúdenta (FS) hefur fengið til umsagnar tillögu að deiliskipulagi á Sæmundargötu 15-19, 102 Reykjavík, lóð Alvogen / Alvotech. Er FS eigandi að Sæmundargötu 21. Miðast þessi umsögnin við framlagða kynningu aðila dags. 10.06.2020.

Í deiliskipulagsbreytingunni fellst m.a. að bætt verði við niðurakstursrampi af Ingunnargötu og niður í bílakjallara undir fyrirhugaðri stækkun hússins, er gert ráð fyrir að rampurinn verði fyrir utan byggingarreit á lóðinni samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Ekki er skilgreint nákvæmlega á uppdrætti né í texta breidd ramps út fyrir byggingarreit. Að mati FS er tillagan óásættanleg þar sem rampurinn kemur til með að þrengja mjög að svæði milli húsanna, Sæmundargötu 15-19 og 21, þannig að notagildi norðurlóðar við Sæmundargötu 21 skerðist mjög. Á þessu svæði eru tvær djúpgámastöðvar (sorplosun íbúa) sem þjóna íbúum hússins og fjögur stæði fyrir fatlaða sem einnig eru fyrir íbúa hússins, hvorutveggja í samræmi við samþykktar aðaltekningar fyrir Sæmundargötu 21.

Áður en til þess kom að hafist var handa við hönnun og byggingu á Sæmundargötu 21 sótti FS það stíft að koma rampi út fyrir húsið og búa til einn sameiginlegan ramp milli húsanna að Sæmundargötu 15-19 og 21, kom þessi ráðstöfun ekki til greina að mati bogarskipulags á þeim tíma. Ekki fæst séð af hverju það hafi nú breyst, lámarkskrafa er að það sé viss samkvæmi í ákvörðunum opinbera aðila þannig að ekki sé breytt um afstöðu án þess að skýrar málefnalegar ástæður liggi fyrir og hvað þá þegar mikið óhagræði er af breytingunni fyrir næstu nágretta sem hafa þegar lokið sínum verkefnum.

Á framkvæmdatíma munu djúpgámar og bílastæði fatlaða verða ónothæf og miklar líkur eru á að taka verði upp allt svæðið og endurgera að lokum. FS er ekki tilbúið til að fallast á að slík óþægindi fyrir hönd íbúa í Sæmundargötu 21 né samþykkir að hreyft sé við lóð Sæmundargötu 21 vegna framkvæmda á aðliggjandi lóð með þessum hætti. Aðkoma að stigahúsi í NA horni SÆM-21 (í daglegu tali nefnt stigahús D) er um svæðið sem lokast af og raskast mjög á framkvæmdatíma, aðkoma slökkviliðs að stigahúsinu er einnig í uppnámi og þ.a.l. að stigleiðslu sem er í stigahúsinu. Jafnframt er þetta stigahús aðkoma að bílakjallara þar sem eina lyftan er til staðar sem þjónar bílakjallaranum og er þ.a.l. eina færa leiðin til og frá bílakjallara fyrir fatlaða einstaklinga með góðu móti, gildir einu þó um annan inngang sé að ræða í inngarðinn þar sem sú leið verður jafnófær og sú sem næst er. Benda má jafnframt á að notendur bílakjallara eru ekki eingöngu íbúar hússins.

Gólfkódi Sæmundargötu 21 er 6,3m og tekur landmótun og frágangur á lóðinni til norðurs mið af því, kódi á fyrirhuguðu húsi Alvotech er 5,7m samkvæmt uppdrætti og þarf því að taka upp 0,6m hæðarmun á svæðinu milli húsanna. Aðeins eru um 9m frá skilgreindri 4,0m breiðri þjónustuleið milli húsanna og að húshlið fyrirhugaðar byggingar. Vegna þrengsla og m.t.t. nýtingar svæðisins er vandaverk að taka upp slíkan hæðarmun og eyða út svo vel fari. Verður þetta ekki síður vandi þegar kemur að landaðlögun við Sæmundargötu og að þjónustuleiðinni milli húsanna.

Það að færa rampinn út fyrir byggingarreit og þ.a.l. þrengja að bílastæðum fatlaða með þessum hætti veldur því að til muna erfiðara er að nýja bílastæði fatlaða við Sæmundargötu 21. Á þetta sérstaklega við þegar bakka þarf út úr eða inn í stæði. Einnig er þekkt að öll þrengsli valda aukinni snjósöfnun sem ekki er til bóta í eða við bílastæði fatlaða né m.t.t. sorphirðu. Mikilvægt er að koma ekki málum svo fyrir að fatlaðir verði fyrir óþarfa skerðingum né flækja sorphirðu að vetrarlagi meira en þörf er á.

Mikilvægt er, þegar verið er að breyta deiliskipulagi, að ekki sé gengið þannig á fyrri forsendur að þær kollvarpi því sem aðliggjandi lóðir hafa lagt upp með og framkvæmt eða a.m.k. sett í þannig uppnám að ekki verði komist hjá því að breyta því sem áður verið gert á næstu lóðum. Í þessu tilfalli þrengist mjög að bílastæðum fatlaða og sorphirðu eins og áður var komið inn á en jafnframt er líklegt að truflun frá umferð aukist mjög í íbúðum í norðurhluta SÆM-21 og munar þá mestu um að rampurinn / umferðin færist nær íbúum og vel þekkt er að umferðarhávaði magnast upp í römpum sem þessum sem en frekar eykur áreiti á íbúa næst rampinum. Ekki var gert ráð fyrir slíkum viðbótarhávaða þegar hönnun SÆM-21 stóð yfir og hætt er við að farið verði yfir hávaðamörk eða einhverju leiti. Einnig skerðist notagildi lóðar og bílastæðum kann að fækka og er ekki hægt að fallast á slíkt bótaust.

Að lokum er vísað í eldri athugasemdir FS við þessa sömu deiliskipulagsbreytingu sem sendar voru með tölvupósti á Hildi Gunnarsdóttur ( [Hildur.Gunnarsdottir@reykjavik.is](mailto:Hildur.Gunnarsdottir@reykjavik.is) ) hjá skipulaginu og á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) þann 26. júní sl.

**Til upplýsinga**, fulltrúar Alvotech og aðalhönnuður þeirra hafa kynnt fyrir FS hugmyndir sínar að lausn milli húsanna sem líklega gæti náðst sátt um milli aðila. Forsenda fyrir því samkomulagi er að rampurinn verður þrengdur í eina akrein og verður að hámarki 4,0m út fyrir byggingarreit (stoðveggur innifalin), þjónustuleiðin verði breikkuð töluvert (+ 2,0m, í 6,0m) og að komið verði fyrir góðu runnasvæði við stoðveggin sem þarf að koma vegna rampsins. Einnig þarf að útfæra mögulegar lausnir til að dempa umferðarhávaða frá rampinum og útfæra hvernig staðið verði að málum á framkvæmdatíma m.t.t. sorpmála og bílastæða fyrir fatlaða.

  
*Magnús Orri Einarsson*  
FÉLAGSSTOFNUNAR  
STÚDENTANNA  
f.h. Félagsstofnunar stúdentanna / stúdentagarða  
Magnús Orri Einarsson  
Tæknistjóri - nýframkvæmdir & viðhald



**From:** [Pálmar Kristmundsson](#)  
**To:** [Hildur Gunnarsdóttir](#)  
**Subject:** Fwd: Deiliskipulagsbreyting fyrir Sæmundargötu 15-19 - Rafbílarampur  
**Date:** miðvikudagur, 16. september 2020 09:48:03  
**Attachments:** [image001.png](#)  
[Sæmundargata 15-19 DSKbrevtRAMP4.5.pdf](#)

---

Sæl Hildur

hér er samþykki Félagsstofnunar Stúdentna / Guðrún Björnsdóttir og uppdráttur sem þau eru sammála

--

Með kveðju / Kind regards,  
Pálmar Kristmundsson Architect  
[palmar@pk.is](mailto:palmar@pk.is)

## pk arkitektar

Brautarholt 4  
105 Reykjavík, Iceland  
+354 551 8050  
[www.pk.is](http://www.pk.is)  
[Facebook](#)

----- Forwarded message -----

Frá: **Guðrún Björnsdóttir** <[gudrun@fs.is](mailto:gudrun@fs.is)>

Date: mið., 16. sep. 2020 kl. 08:19

Subject: RE: Deiliskipulagsbreyting fyrir Sæmundargötu 15-19 - Rafbílarampur

To: Pálmar Kristmundsson <[palmar@pkdm.is](mailto:palmar@pkdm.is)>, Magnús Orri Einarsson <[magnus@fs.is](mailto:magnus@fs.is)>

Cc: Johann Johannsson <[johann.johannsson@alvogen.com](mailto:johann.johannsson@alvogen.com)>

Sæll allir.

Við Magnús höfum skoðað þessar breytingar á deiliskipulaginu. Þær eru í anda þeirra samræðna sem við höfum átt og við getum samþykkt þær.

Áfram veginn

*Með kveðju,*

*Guðrún Björnsdóttir*  
*Framkvæmdastjóri FS*  
[gudrun@fs.is](mailto:gudrun@fs.is)  
*sími 5 700 700*  
*fax 5700 709*  
[www.fs.is](http://www.fs.is)



**From:** Pálmar Kristmundsson <[palmar@pkdm.is](mailto:palmar@pkdm.is)>

**Sent:** 15. september 2020 13:54

**To:** Guðrún Björnsdóttir <[guðrun@fs.is](mailto:guðrun@fs.is)>; Magnús Orri Einarsson <[magnus@fs.is](mailto:magnus@fs.is)>

**Cc:** Johann Johannsson <[johann.johannsson@alvogen.com](mailto:johann.johannsson@alvogen.com)>

**Subject:** Deiliskipulagsbreyting fyrir Sæmundargötu 15-19 - Rafbílarampur

Sæl veriði Guðrún og Magnús Orri

og takk fyrir síðasta fund.

Meðfylgjandi er tillaga að frágangi lands á milli lóðanna Sæm 21 og Sæm15-19 sem við ræddum síðast.

Hér er rampurinn 4,5 metra breiður eins og ég skildi að við værum sammála um.

Fyrirkomulag á Sæm 21 er hér, að sjálfsögðu óbreytt miðað við uppdrátt frá Yrki og er eins

og útfærslan er á staðnum í dag (eftir grófa uppmælingu á staðnum).

Heildarmál milli bygginganna er skv. deiliskipulaginu 22 metrar. Lóðamörkin eru 12,4 metra

frá Sæm21 og 9,6 metra frá Sæm15-19. Göngu og þjónustuleiðin, sem er malbikuð núna, er

4 metrar breið og miðja hennar á lóðamörkunum, eins og deiliskipulagið sýnir.

Rampurinn er alveg upp við Sæm15-19, **4,5 metra breiður** og milli rampans og göngu-/þjónustuleiðarinnar er reitur; 2,85 metra breiður, sem verður gróður eða annar landslagsfrágangur frá malbiki að handriðinu.

Ég geri ráð fyrir að sækja um heimild fyrir samsvarandi stæðum fyrir hreyfihamlaða á Sæm15-19 og eru hjá ykkur á Sæmundargötu 21. Hæðarmismunur lóðanna jafnast út við handriðsvegg

rampans og verður leystur við stæðin 4, nærri SÆM15-19 vestan megin án þess að hafa áhrif á

núverandi fyrirkomulag á ykkar lóð.

Ég hef útfært þetta eftir mínum skilningi á samræðum okkar hingað til og vona að þið getið samþykkt þessa breytingu á deiliskipulaginu.

Endilega skoðið þessa tillögu og látið mig vita hver ykkar afstaða er. Einnig er sjálfsagt að hittast þegar ykkur hentar.

Bestu kveðjur

fh. lóðahafa

pálmar kristmundsson arkitekt

--

Með kveðju / Kind regards,

Pálmar Kristmundsson Architect

[palmar@pk.is](mailto:palmar@pk.is)

**pk arkitektar**

Brautarholt 4

105 Reykjavík, Iceland

+354 551 8050

[www.pk.is](http://www.pk.is)

[Facebook](#)





## Varðar: Háskóli Íslands, Vísindagarðar

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 10. júní 2020 ásamt bréfi dags. 10. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða vegna lóðarinnar nr. 15-19 við Sæmundargötu (lóð A). Í breytingunni felst að sunnan við hús er komið fyrir bílarampa niður í bílakjallara. Í bílakjallara undir nýbyggingu er gert ráð fyrir 73 bílastæðum sem eingöngu eru hugsuð fyrir rafbíla. Samtals er fjöldi bílastæða í bílageymslu neðanjarðar 100 talsins, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 10. júní 2020. Einnig er lagt fram skýringarhefti ódags. Tillagan var grenndarkynnt frá 26. júní 2020 til og með 24. júlí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Magnús Orri Einarsson f.h. Félagsstofnun Stúdenta/Stúdentagarða dags. 24. júní 2020 og 14. júlí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. ágúst 2020 og er nú lagt fram að nýju.


## Umsögn:

Eftirfarandi aðilar gerðu athugasemdir við grenndarkynnta breytingu á deiliskipulagi Vísindagarða vegna lóðarinnar nr. 15-21 við Sæmundargötu (lóð A):

1. Magnús Orri Einarsson f.h. Félagsstofnun Stúdenta/Stúdentagarða, Sæmundargötu 21, dags. 24. júní 2020 og 14. júlí 2020.

Helstu atriði athugasemdar Magnúsar Orra eru áhyggjur vegna stærðar niðurkeyrslurampa á lóð Alvotech og hvort að hann hafi áhrif á þegar frágengna lóð Félagsstofnunar Stúdenta þar sem fyrir eru tvær djúpgámastöðvar og fjögur bílastæði fyrir fatlaða.

- Á lóðamörkum er sameiginleg aðkoma með 4 m breiðri akfærri göngu / hjóla og þjónustuleið sem gæti farið í uppnám vegna framkvæmda innan lóðar Alvotechs ef athafnasvæði framkvæmda verða að lóðamörkum og þjónustuleiðin þar með ekki fær. Einnig eru áhyggjur af aðkomu slökkviliðs að NA horni byggingar stúdentagarðanna eða inngangs D og umferðarhávaða frá niðurkeyrslu um rampann.
- Nokkur hæðarmunur er á gólfkóta bygginganna tveggja eða 60 cm og stendur hús Alvotech lægra í landi og vegna þess að lóð Félagsstofnunar stúdenta er frágengin þarf Alvotech at taka upp hæðarmuninn á sinni lóð. Pláss þarf að vera framan við rampann til þess.
- Mikil þrengsli frá stoðvegg rampa að þjónustuleið gætu orðið til þess að snjór safnist upp við vegginn og það muni kalla á meiri snjómokstur þjónustuleiðar um vetur.
- Gerð er athugasemd við stærð rampans og að hann sé ómálsettur á teikningu. Einnig er bent á að skipulagsyfirlönd hafa verið treg til að samþykkja rampa utan byggingareitar hingað til.



Tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem sýnir rampa inni á lóð Alvotechs við sameiginlegan stíg á milli lóða.



SVAR:

Aðilar Alvotech og Félagsstofnunar stúdenta hafa fundað og komist að samkomulagi um að minnka breidd rampa frá 6 m og tvístefnuakstri niður í 4,5m og einstefnuakstur sem er ljósastýrður. Uppdráttum verður breytt til samræmis við þá niðurstöðu og verður rampinn málsettur á teikningu.

Vegna athugasemdar FS um hættu á að slökkvilið geti athafnað sig með tilkomu rampans var haft samband við Árna Ísberg, deildarstjóra hönnunareftirlits hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Árni svaraði með tölvupósti dags. 1. október: „*Þetta hefur ekki merkjanleg áhrif á mögulega aðkomu slökkviliðs. Stúdentagarðurinn er ekki það hár að þörf eiga að vera á notkun köfrubílsins til að bjarga fólki. Breidd stígsins verður vel yfir 3 m sem er sú breidd sem miðað er við sem lágmarksbreidd fyrir dælubílinn og sjúkrabílinn. Þar fyrir utan eru bílastæði stutt frá í útskoti frá stígnum sem mætti nota og leiða slöngur að inngangi eða fara með börur.*“ Ekki er heldur séð að tilkoma rampsins, sé hann 4,5m á breidd, hafi áhrif aðkomu að bílastæðum fatlaðra og þjónustubílum djúpgáma.

Minnkun breiddar niðurkeyrslurampa gerir möguleika á að taka upp hæðarmun í lóð betri þar sem meira pláss verður úr að spila. Minni líkur verða auk þess á snjósöfnun upp við stoðvegg.

Skipulagsyfirvöld hafa helst viljað hafa rampa innan byggingareita á svæði Vísindagarða en hafa heimilað rampa á tveimur stöðum á lóðamörkum á milli lóða þar sem gert er ráð fyrir að bílakjallarar verði sameiginlegir. Alvotech er nú þegar með niðurkeyrslurampa innan byggingareita í þegar byggðri byggingu. Niðurkeyrslurampi sem nú er áformaður vegna annars áfanga byggingar Alvotechs er upp við byggingu innan lóðar en ekki þar sem götur eru á lóðamörkum eins og í hinum tveimur tilfellunum. Einfaldur rampur fyrir umferð í eina átt er auk þess nettari í ásýnd.

**Niðurstaða:**

Uppdrætti verður breytt þannig að niðurkeyrslurampur verður mjókkaður niður í 4,5 m með stoðvegg og málsettur á skipulagsuppdrætti. Að öðru leyti verði tillaga að breyttu deiliskipulagi Vísindagarða Háskóla Íslands samþykkt óbreytt.

f.h.

**Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Hildur Gunnarsdóttir arkitekt FAÍ, verkefnastjóri.